

**Stuðboltarnir**  
**3. fundur**  
**Nemendafulltrúaráð 4. – 6. bekkja**  
**Fundur 22. janúar 2019**

1. Helga Fríður Garðarsdóttir bauð Stuðbolta velkomna á þriðja fund vetrarins og byrjuðum við á að rifja upp hvert hlutverk okkar er sem Stuðboltar. Fundurinn gekk vel og voru eftirfarandi mál á dagskrá:

2. Hvernig má gera lestur áhugaverðari? Hvað finnst nemendum skemmtilegt í sambandi við lestur, hvað mætti betur fara, er eitthvað sem verið er að gera sem þeim finnst ekki virka fyrir þau? o.s.frv.

Eftirfarandi hugmyndir og umræður komu fram:

- Fara meira á bókasafnið og kennari les fyrir bekkinn, það er gaman
- Lesa lengur í yndislestri, kannski 30 mínútur
- Lesa meira fyrir kennarana í skólanum og lesa minna heima
- Gæti aukið áhuga með að læra nýtt orð í hverri viku
- Skoða áhugasvið nemenda
- Yfirleitt gaman að lesa en þó misjafnt hverjum finnst gaman að lesa hvað
- Misjafnt hvernig nemendur velja sér bækur, sumir skoða myndirnar framan á, aðrir kíkja

á letrið og enn aðrir lesa aftan á bókina

- Skiptir mestu máli að fá að lesa eitthvað sem þau hafa áhuga á að lesa
- Byrja daginn á yndislestri í 15 mínútur
- Það er spennandi og skemmtilegt að lesa inn í sér og ímynda sér söguna
- Leiðinlegt að skrifa setningar
- Minka heimalestur og auka yndislestur

3. Ræðum saman um einkunnarorð skólans. Virðing – vellíðan – virkni. Þekkjum við þessi orð, eru þau sýnileg, hvað þýða þau, hvernig koma þau inn í daglegt skólastarf? o.s.frv.

Eftirfarandi hugmyndir og umræður komu fram:

- Góð orð en ekki allir sem fara eftir þeim
- Nemendur þurfa að breyta hegðun sinni og fara eftir þessum orðum
- Það er alltaf einhver sem er að stríða, vera leiðinlegur við einhvern og svoleiðis. Það passa ekki við þessi orð
- Einkunnarorðin eru ekki sýnileg
- Nemendur vissu ekki hver einkunnarorð skólans væru svo farið var í að ræða þau
- Þeim finnst að þau ættu að vera sýnilegri í skólanum t.d þegar þú labbar inn í skólann
- Ættu að vera inn í hverri stofu

- Nemendur voru ekki alveg vissir um hvað þau þýddu en eftir umræðu fannst þeim þau góð og vildu að þau yrðu sýnilegri í skólanum. Það myndi hjálpa þeim að hafa þau í huga og fara eftir þeim
- Einhverjir könnuðust við orðið virðing
- Vilja að öllum líði vel í skólanum
- Virkni þýðir t.d að vera duglegur í skólanum
- Sumum finnst þau sýnileg í skólanum
- Nýtast ekki vel inni í kennslustundum
- Við viljum koma fram við aðra eins og við viljum láta koma fram við okkur
- Við þurfum að virða skoðanir hvors annars
- Of margir slagir í skólanum
- Orðin þýða: kurteisi, vinna vel, líða vel, koma vel fram, vanda sig, hjálpa öðrum að líða vel og verða betri. Sýna virðingu, vinna í skólanum, vera dugleg og góð

#### 4. Önnur mál sem rædd voru um bættan skólabrag:

- Ekki hlægja þegar einhver meiðir sig
- Vildu að það mætti taka dót með í skólann, stórt dót
- Meira frjálst

- Leyfa 10. bekk að fara á bókasafnið
- Meiri gæslu í frímínútum, fá fleiri í gæsluna og biðja þær að vera ekki að labba saman.
- Slagsmál eru að aukast í frímínútum
- Hafa dótadag einu sinni á ári
- Fá alvöru trampólín, það var búið að lofa því
- Fá að vera í símanum þangað til að bjallan hringir
- Fá meira á skólalóðina, nýja dótið er skrítið. Fá kofa með útidóti inni
- Vilja fá ærslabelg
- Of mikið verið að hlaupa á göngum
- Kennari eyðir of miklum tíma í eitthvað drama og vesen í staðinn fyrir að gera eitthvað skemmtilegt
- Nýja dótið er hörmulegt
- Heyrist of lágt í skólabjöllunni
- Væri gott ef hurðin á markinu á gervigrasinu væri með einhverri festingu, hún er alltaf að opnast og þá fer boltinn eitthvað lengst
- Láta skólann byrja seinna, hálfnú/níu
- Lengri frímínútur
- Meira skemmtilegt í skólanum
- Blanda bekkjunum meira saman

- Fá oftar að ráða með hverjum maður situr



- Minna oftar á það að það á ekki að hlaupa á göngunum, hafa sýnilegri skilti
- Fara oftar í útikennslu
- Fá að rugla borðum í matsal á völdum dögum
- Hlaupa einn hring í kringum skólann annað slagið
- Hafa sér stelpu og strákaklósett, of mikið piss á gólfum og á klósettsetunni
- Hafa skólann snyrtilegri
- Fá oftar pizzu í matinn
- Hafa tvo frídaga í mánuði í skólanum
- Að mega vera í símanum í Þrumunni
- Lengja frímínútur
- Fá að vera oftar í Þrumunni
- Setja róluna upp aftur
- Láta skipið aftur upp
- Annan grasfótboltavöll
- Vantar ljós á fótboltavöllinn / aldrei kveikt á neinum ljósum
- Hitta vinabekki oftar

Fleira ekki gert, fundi slitið

Helga Fríður Garðarsdóttir